



# Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs 2012



## Efnisyfirlit

INNGANGUR .....	5
SKIPURIT .....	6
LEIÐARLJÓS.....	6
HLUTVERK.....	7
UMFANG.....	8
VERKEFNI .....	8
Blíð byrjun .....	9
Biophilia.....	9
Brú .....	10
Börn og fjölmening.....	10
Dagur barnsins.....	11
Drengir og námsárangur.....	11
Foreldravefur.....	12
Lestrarhvetjandi verkefni .....	12
Menningarfáninn.....	12
Náttúruskóli Reykjavíkur .....	13
Písa keik 2012 .....	14
Skólar á grænni grein - Grænfáninn .....	14
Styrkir til þróunarverkefna – áhersla á samstarf og læsi.....	15
Vinsamlegt samfélag .....	15
STEFNUKORT .....	16
STEFNUÞÆTTIR, MARKMIÐ OG LEIÐIR .....	17
LYKILTÖLUR .....	29
SKORKORT .....	31
YFIRLIT YFIR FYLGISKJÖL.....	35





Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

**Starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2012**

Útgefandi: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar  
Ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri SFS  
Ritstjórn: Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir  
Prófarkarlestur: Valgerður Erna Þorvaldsdóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir og Sverrir Friðþjófsson  
Uppsetning: Sigrún Björnsdóttir og Guðrún Hjartardóttir  
Ljósmyndir: Helga Björnsdóttir og Sigrún Björnsdóttir  
18. apríl 2012

## INNGANGUR

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2012 liggur hér fyrir. Þetta er fyrsta starfsáætlun nýs sameinaðs sviðs sem varð til við samruna Leikskólasviðs, Menntasviðs og tómstundaskrifstofu Íþróttá- og tómstundasviðs þann 12. september 2011.

Undir sviðið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar og starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar og skólahljómsveita. Einnig hefur sviðið eftirlit með daggæslu í heimahúsum. Jafnframt hefur sviðið umsjón og/eða eftirlit með starfsemi sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og myndlistarskóla, auk annarrar sambærilegrar starfsemi sem styrkt er af Reykjavíkurborg.

Skóla- og frístundasvið annast jafnframt umsjón og eftirlit með þjónustusamningi við þjónustumiðstöðvar í hverfum vegna sérfræðiþjónustu til leik- og grunnskólabarna og frístundaráðgjöf.

Markmið með stofnun skóla- og frístundasviðs voru:

- Að tryggja heildstæða þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra.
- Að stuðla að sameiginlegri stefnumótun leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í hverfum borgarinnar og auka þverfaglegt samstarf.
- Að efla yfirsýn yfir málaflokkinn og auka hagkvæmni í rekstri starfseininga.

Á skóla- og frístundasviði mun fagstarf í leik, námi og frístund hafa sama vægi. Þar á sérsvið og sérkenni hvernar hugmyndafræði að blómstra en jafnframt verður gerð rík krafa um þverfaglegt samstarf. Á grundvelli þess verða til fjölbreytt tækifæri til menntunar og frístundastarfs fyrir börn og ungmenni. Samstarf fagfólks byggir á gagnkvæmu trausti, virðingu fyrir ólíkum gildum og hugmyndafræði og fjölbreyttum aðferðum í uppeldi og menntun. Á skóla- og frístundasviði eru börn og ungmenni í öndvegi og öll þjónusta tekur mið af af þörfum þeirra og þroska.


Stefna- og starfsáætlun fyrir árið 2012 var unnin af kjörnum fulltrúum í skóla- og frístundaráði, stjórnendum og starfsfólki á skóla- og frístundasviði, foreldrum, börnum/nemendum/ungmönnum og ráðgjöfum á sviði leikskóla, grunnskóla og frístundamála hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Í því starfi voru haldnir samráðsfundir með leikskólastjórum, grunnskólastjórum og stjórnendum í frístundastarfi. Þá voru haldnir sex hverfafundir með fulltrúum foreldra, starfsmanna, nemendaráða grunnskólanna, unglingaráða félagsmiðstöðva og ungmennaráða hverfanna.

Sjá meira um þetta vinnuferli í fylgiskjali.

Hér er lagt fram stefnukort fyrir nýja sviðið, markmið sett fyrir hvern stefnuþátt og tilgreindar þær leiðir sem farnar verða til að ná þeim markmiðum. Sérstaklega er gerð grein fyrir nokkrum verkefnum sem verða áberandi á sviðinu á árinu. Í skorkorti eru sett fram mælanleg markmið. Áætlunin er umfangsmikil og ljóst er að sum verkefni og leiðirnar munu ná yfir lengri tíma en þetta ár. Sviðið mun í kjölfarið gera vinnuskjal þar sem sett verður tímaáætlun og ábyrgðaraðilar á leiðirnar. Í fylgiskjöllum má finna ýmsar tölfræðiupplýsingar um skóla- og frístundastarf í borginni.

Á grunni þessa skjals munu starfsstaðir skóla- og frístundasviðs gera sínar starfsáætlanir út frá stefnukortinu og þeim markmiðum sem hér eru sett, aðlagð þau að sinni starfsemi og setja fram leiðir til að ná sínum markmiðum.

## SKIPURIT



## LEIÐARLJÓS

**AÐ BÖRNUM OG UNGMENNUM Í BORGinni LÍÐI VEL,  
FARI STÖÐUGT FRAM OG ÞAU ÖÐLIST  
UPPELDI OG MENNTUN FYRIR LÍF OG STARF.**



## HLUTVERK

- **VEITA BÖRNUM OG UNGMENNUM BESTU MÖGULEGU TÆKIFÆRI TIL LEIKS, MENNTUNAR OG FRÍSTUNDASTARFS Í SAMVINNU VIÐ FJÖLSKYLDUR OG NÆRSAMFÉLAGIÐ.**
- **VERA FRAMSÆKIÐ FORYSTUAFI Í SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFI.**

## UMFANG

Þann 1. október 2011 dvöldu 5.790 börn í leikskólum borgarinnar, þar af 63 í samreknnum leik- og grunnskóla. 1.003 börn dvöldu í sjálfstætt starfandi leikskólum þannig að heildarfjöldi leikskólabarna í borginni var 6.793. Á árinu 2012 er áætlað að alls verði 7.043 leikskólabörn í Reykjavík, þar af 5.981 í 62 borgarreknnum leikskólum, auk tveggja samrekinna leik- og grunnskóla. Alls dvöldu 781 barn hjá dagforeldrum þann 1. október 2011.

1. október 2011 voru 13.375 nemendur í grunnskólum borgarinnar og 580 nemendur í sjálfstætt starfandi grunnskólum. Samtals voru grunnskólanemendur því 13.955 og hafði þeim fjölgað nokkuð frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að þeim muni fjölga lítillega fram að hausti 2012. Við upphaf skólaársins 2011-2012 voru 39 grunnskólar reknir af Reykjavíkurborg (þar af tveir sérskólar og einn samrekin leik- og grunnskóli). Sjálfstætt starfandi grunnskólar voru 6. Eftir sameiningar grunnskóla um áramótin 2011-2012 eru 36 grunnskólar reknir af Reykjavíkurborg, þar af tveir samreknir leik- og grunnskólar.

Sex frístundamiðstöðvar voru reknar af Reykjavíkurborg árið 2011. Þær höfðu umsjón með 33 frístundaheimilum, 4 frístundaklúbbum og 24 félagsmiðstöðvum. Til viðbótar voru á haustönn 3 frístundaheimili og 1 félagsmiðstöð rekin af skólum. Alls voru 3.460 börn skráð á frístundaheimili haustið 2011 og á árinu 2011 höfðu 175.000 heimsóknir í félagsmiðstöðvarnar verið skráðar.

Í fjórum skólahljómsveitum sem Reykjavíkurborg rekur læra 443 nemendur á hljóðfæri skólaárið 2011-2012. Auk þess var greitt með um 2.500 nemendum í 18 tónlistarskólum á árinu 2011.

Í Námsflokkum Reykjavíkur stunduðu 252 nám á árinu 2011, auk þess sem fjölmargir aðrir leituðu til Námsflokka eftir náms- og starfsráðgjöf í samtals 1.480 samtölum.

Þann 1. október 2011 voru 1.372 stöðugildi í leikskólum borgarinnar, 1.940 stöðugildi í grunnskólum og 326 í frístundastarfi. Hjá Námsflokkum, skólasafnamiðstöð og skólahljómsveitum voru 32,3 stöðugildi. Við upphaf ársins 2011 voru samtals 69 stöðugildi á skrifstofum Leikskólasviðs, Menntasviðs og frístundahluta Íþrótt- og tólmstundasviðs. Við upphaf ársins 2012 eru stöðugildin á skrifstofu skóla- og frístundasviðs 63,6. Samtals eru því um 3.734 stöðugildi á skóla- og frístundasviði eða 4.300 starfsmenn.





## VERKEFNI

Á skóla- og frístundasviði verður unnið að ýmsum stærri samstarfsverkefnum þeirra þriggja faghópa sem mynda sviðið. Ýmist er um að ræða verkefni sem eiga rætur að rekja til sameiningar sviðsins, niðurstaðna starfshópa eða verkefna sem áður tengdust gömlu sviðunum en munu í framtíðinni ná yfir alla starfsemi sameinaðs sviðs. Hér á eftir verður fjallað nánar um þessi verkefni.

### Blíð byrjun

Árið 2009 ákvað framkvæmdastjórn Leikskólasviðs að koma á verkefni sem tæki á aðlögun og aðgengi barnafjölskyldna að þjónustu Reykjavíkurborgar. Hlutverk starfshóps sem settur var á laggirnar í þeim tilgangi var að móta tillögur um farsæla og aðgengilega tengingu fjölskyldna með ung börn við þjónustu borgarinnar og kynna sér erlend verkefni af sama toga, m.a. starfsemi Pen Green fjölskyldumiðstöðvarinnar og Sure start verkefnið í Bretlandi. Starfshópurinn lagði fram 9 tillögur um leiðir til að bæta þjónustu Reykjavíkurborgar við fjölskyldur með ung börn. Í tillögunum var lögð áhersla á víðtæka samvinnu stofnana og að bilið frá fæðingarorlofi foreldra fram að leikskólagöngu barnsins verði brúað.



### Biophilia

*Biophilia* er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Bjarkar Guðmundsdóttur um að innleiða verkefni Bjarkar, *Biophilii*, í grunnskólum með það að markmiði að þróa nýja kennsluhætti þar sem tónlist, vísindi, tækni og fleiri námsgreinar eru samþættar. Björk er upphafsmaður verkefnisins og bauð hún Reykjavíkurborg og HÍ til samstarfs.



Upphaf verkefnisins má rekja til tónvísindasmiðju sem haldin var haustið 2011 í tónlistarhúsinu Hörpu með þátttöku fjögurra grunnskóla í borginni og HÍ. Reynslan sem fékkst af þeim smiðjum verður grunnurinn að þemaverkefnum sem öllum grunnskólum borgarinnar sem hafa miðstig verður boðið að taka þátt í næstu þrjú árin. Þemur kennurum úr hverjum grunnskóla mun standa til boða að tileinka sér hugmyndir og vinnubrögð *Biophilu* á námskeiðum áður en skólinn tekur þátt í þemaverkefninu.

## Brú

*Brú* er opinn umræðuvettvangur fyrir alla sem láta sig varða málefni leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og frístundastarfs. Hann var settur á laggirnar á haustmánuðum 2007.

Í kjölfar sameiningar skóla- og frístundasviðs kemur frístundastarfið nú inn í samstarfið. Markmið *Brúar* er að standa fyrir opnum fundum þar sem áhugafólki um skóla- og frístundastarf gefst tækifæri til að setja fram hugmyndir, kynna verkefni og ræða samstarf. Á árinu er fyrirhugað að skoða nýjar leiðir í starfi samstarfsvettvangsins *Brúar*. Fagskrifstofa leikskóla, grunnskóla og frístundamála, stjórnámálemenn og mennta- og menningarmálaráðuneytið eiga fulltrúa í stýrihóp *Brúar*.



## Börn og fjölmening

Í júní 2011 samþykkti menntaráð að stofna starfshóp um málefni barna í skóla- og frístundastarfi með annað móðurmál en íslensku. Hann skyldi setja fram tillögur um hvernig best yrði staðið að frekari stefnumótun um nám og kennslu þessara barna. Í hópnum sitja þrjár fulltrúar úr skóla og frístundaráði, fulltrúar skrifstofu sviðsins, leikskólakennari, grunnskólakennari, frístundaráðgjafi og foreldri af erlendum uppruna. Helstu verkefni hópsins:

- Að vinna að stefnumótun leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í málefnum barna og nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Að meta stöðu málaflöksins með tilliti til fyrri stefnumótunar og setja fram tillögur um þróun og úrræði á grundvelli þess.
- Að vinna að umbótaáætlun í framhaldi af niðurstöðum fjölmenningsþings.
- Að endurskoða handbók um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku í grunnskólum.
- Önnur verkefni sem starfshópurinn álitur mikilvægt.

Hópnum er ætlað að sitja út kjörtímabilið og skila árlega stöðuskýrslu.

## Dagur barnsins

Borgarstjóri skipaði starfshóp þann 1. mars 2011 sem átti að móta nýja sýn á samþættingu skóla- og frístundastarfs 6-9 ára barna. Starfshópurinn vann að mótun „dags barnsins“ sem gengur út á að brjóta upp skólastarf í 1. – 4. bekk. Nú þegar er þetta fyrirkomulag að finna í Dalskóla en þar að auki munu tveir skólar og frístundaheimili vinna í þessum anda; Norðlingaskóli og Klapparholt frá hausti 2011 og Ártúnsskóli og Skólasel frá hausti 2012. Tilraunin gengur út á að gjaldfrjálsu frístundastarfi verði fléttað inn í stundatöflu barna í yngstu bekkjum en að loknum skóladegi verði áfram boðið upp á gjaldskylda þjónustu á frístundaheimili. Í tillögum starfshópsins er lagt til að frímínútur verði lagðar af en í stað þeirra verði boðið upp á útivist og hreyfingu undir handleiðslu kennara eða frístundaráðgjafa. Markmiðið með þessari tilraun er að gefa börnum færi á fjölbreyttum viðfangsefnum sem eru sambland leiks og náms. Viðfangsefnin eru undirbúin í samstarfi kennara og frístundaráðgjafa.

Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á mikilvægi þess að hugmyndafræði frístundastarfsins fái notið sín þó frístund verði hluti af skóladeginum, þ.e. að börnin hafi val um viðfangsefni og að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.



## Drengir og námsárangur

Unnið er á grundvelli tillagna sem starfshópur vann skólaárið 2010 – 2011 og birtar eru í skýrslu hans um námsárangur drengja. Hópurinn aflaði upplýsinga, fann gögn og greindi þau í því skyni að skoða hvort um raunverulegan mun væri að ræða á námsárangri drengja og stúlkna í grunnskólum. Tillögur hópsins fela í sér að:

- Skoða líðan stúlkna og námsárangur.
- Greina áhrif kyns kennara á námsárangur.
- Greina frekar niðurstöður um framfarastuðul.
- Skoða ástæður fyrir háu hlutfalli greininga á sérþörfum hjá drengjum.
- Þróa námskeið um tölvur, lestur og framtíðarsamskipti.
- Gera ímynd þeirra barna sem lesa jákvæða og eftirsóknarverða.
- Senda út skilaboð frá drengjum sem lesa.
- Auka eftirfylgni með lestrarskimunum.
- Efla jafnréttisfræðslu.

Eftirfylgni hópur ber ábyrgð á að tillögurnar komist í framkvæmd fyrir vorið 2014. Sjá skýrslu starfshópsins á [vef SFS](#).

## Foreldravefur

Skóla- og frístundaráð ákvað á liðnu ári að opna vef með hagnýtum upplýsingum og fræðslu fyrir foreldra barna í leik- og grunnskólum og í frístundastarfi. Ritstjórn vefsins er í höndum hóps sem skipaður er einum fulltrúa frá leikskólanum, öðrum frá grunnskólanum og þeim þriðja frá frístundastarfinu. Áætlað er að birta foreldravefinn á vorönn 2012. Hann verður vistaður undir heimasíðu skóla- og frístundasviðs. Efni hans verður þýtt á pólsku og ensku.



## Lestrarhvetjandi verkefni

Starfshópur um samstarf leik- og grunnskóla til að efla málþroska og læsi skilaði tillögum sínum. Meðal þess sem hann leggur til er að leik- og grunnskólar skilgreini samstarfsverkefni sem taki mið af þeim aðferðum í námi barna sem henta best hvoru skólástigi. Í slíkum verkefnum geti leikskólakennarar og grunnskólakennarar lært hver af öðrum. Þá er lagt til að haldin verði námskeið sem miði að því að hvetja leik- og grunnskóla í sömu hverfum til að taka ný skref í slíku samstarfi og að efnt verði ráðstefnu á næsta ári í samvinnu við Menntavísindasvið HÍ um málþroska og læsi á mörkum skólástigi. Starfshópurinn skilaði skýrslu sem finna má á heimasíðu SFS undir liðnum [Útgefið efni](#).

Þann 16. nóvember 2011 samþykkti skóla- og frístundasvið verkefni sem miðar að því að kynna fyrir börnum í frístundaheimilum kosti almenningsbókasafna í þeirra hverfi. Verkefnið gengur út á að börn á frístundaheimilum eignist bókasafnskort, nýti sér safnkost og læri hvernig auðveldlega megi komast fótgangandi eða í strætó að bókasafni í þeirra hverfi. Þetta verkefni hefur það meðal annars að markmiði að hvetja börn til meiri lesturs í frístundum, hvort heldur er á frístundaheimilum eða heima fyrir.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 18. janúar 2012 var samþykkt að fela starfshópi að móta læsisstefnu fyrir leikskóla borgarinnar. Læsisstefnan verður mótuð í ljósi aðalnámskrár leikskóla og verða skilgreindar áherslur í málörvun, ritmáli, tjáningu og leik en það eru þættir sem leggja grunn að hæfni barna í lestri síðar meir.

## Menningarfáninn

Borgarráð samþykkti í júní 2010 að setja af stað verkefni um *Menningarfána* sem veittur yrði sem viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarstarf í leikskólum, grunnskólum og á frístundaheimilum. Til þess að öðlast menningarfána þurfa grunnskóli, leikskóli og frístundaheimili að starfa saman. Náin samvinna getur leitt af sér nýstárleg verkefni þar sem miklir möguleikar skapast á samþættum kennsluaðferðum bæði í hinu hefðbundna námi sem og hinu óhefðbundna. Við útfærslu á menningarfánans er mikilvægt að vinna með hin ýmsu birtingarform lista og menningar með áherslu á strauma og stefnur í barna- og unglíngamenningu. Til stendur að



veita fánann í fyrsta sinn á Barnamenningarhátíð 2012.

Markmið þessarar viðurkenningar eru:

- Að framlag barna til menningar og lista verði metið að verðleikum og gert sýnilegt í menningarlandslagi borgarinnar.
- Að auka þátt menningar og lista í námi og leik barna.
- Að list og menning séu sýnilegur og (gagn)virkur hluti af skólarýminu og umhverfi þess.
- Að rækta menningarlega sjálfsmynd barna.

Á heimasíðu Menningarfánans eru frekari upplýsingar og hugmyndir um hvernig vinna má með listir og menningu í skóla- og frístundastarfi; [www.menningarfani.is](http://www.menningarfani.is).



## Náttúruskóli Reykjavíkur

Náttúruskóli Reykjavíkur er samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar, Skógræktarfélags Reykjavíkur og Landverndar. Skólinn hefur starfað frá því í ágúst 2005.

Markmið Náttúruskólans eru:

- Að efla útikennslu í leik- og grunnskólum borgarinnar.
- Að skapa vettvang fyrir heilsteypt umhverfisstarf í skólum í anda umhverfisstefnu borgarinnar.



Náttúruskólinn er miðstöð þekkingar og upplýsinga um útinám og umhverfismennt, þar geta kennarar fengið aðstoð og ráðgjöf við skipulag og aðlögun útináms. Náttúruskólinn stendur reglulega fyrir námskeiðum fyrir kennara, auk þess sem verkefnisstjóri kemur á starfsdaga í leik- og grunnskólum sé þess óskað. [www.natturuskolinn.is](http://www.natturuskolinn.is)

## Písa keik 2012

Vorið 2012 verður rannsóknin lögð fyrir 10. bekkina í grunnskólum í Reykjavík. Aðgerðahópur PISA er leiddur af formanni skóla- og frístundaráðs og hefur tvíþættan tilgang: Að kynna markmið rannsóknarinnar sem best fyrir nemendum og stuðla að þróun kennsluhátta í anda kenningarramma OECD. Í því skyni hafa faghópar skipaðir grunnskólakennurum og kennurum úr Háskóla Íslands unnið saman að þróun kennsluhátta í íslensku, stærðfræði og náttúrufræði. Vitundarvakning og hvatning til nemenda verður unnin í samstarfi skóla og félagsmiðstöðva ber nafnið Písa keik 2012. Öllum 10. bekkjum býðst að virkja sköpunarkraftinn og senda inn verk sem skilar góðu svari við spurningunni; *Hvers vegna finnst þér mikilvægt að gera þitt besta?* Þeir geta sent inn stuttmynd, myndband, lag, ljósmynd, ljóð, smásögu eða annað.



Ísland er meðal 66 þjóða sem taka þátt í PISA rannsókninni. Rannsóknin er skipulögð af OECD og lögð fyrir 10. bekkina þriðja hvert ár. Rannsóknin metur hversu vel grunnskólinn undirbýr nemendur undir framtíðina með hæfni sem talin er mikilvæg samkvæmt námskrám allra eða flestra landanna sem taka þátt í rannsókninni..



## Skólar á grænni grein - Grænfáninn

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt umhverfisverkefni á vegum FFE (Foundation of Environmental Education) og annarra frjálsra félagasamtaka. Landvernd hefur umsjón með verkefninu á Íslandi og verkefnisstjóri er Orri Páll Jóhannsson.

Markmið verkefnisins eru að:

- Bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
- Efla samfélagskennd innan skólans.
- Auka umhverfisvitund með fræðslu og verkefnum innan kennslustofu og utan.
- Styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans og ákvörðunartöku sem varðar nemendur.
- Veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.
- Efla alþjóðlega samkennd og tungumálakunnáttu.
- Tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning.

Þeir skólar sem taka þátt í verkefninu eiga að setja sér umhverfisstefnu, stofna umhverfisráð skólans, taka út stöðu umhverfismála í skólanum og gera áætlanir um úrbætur. Þegar skólinn hefur náð markmiðum sínum hlýtur hann Grænfánann næstu tvö árin sem viðurkenningu fyrir árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu. Viðurkenningin er endurnýjuð, sýni skólinn fram á áframhaldandi þróun í umhverfismálum.

Í upphafi árs 2012 tóku alls 26 leikskólar og 18 grunnskólar Reykjavíkurborgar þátt í verkefninu en af þeim hafa 14 leikskólar og 13 grunnskólar þegar hlotið Grænfánann einu sinni eða oftar.  
[www.landvernd.is/graenfaninn/](http://www.landvernd.is/graenfaninn/)

### **Styrkir til þróunarverkefna – áhersla á samstarf og læsi**

Þróunarstyrkjum á vegum skóla- og frístundasviðs er úthlutað árlega í samræmi við þær áherslur sem settar eru í starfsáætlun sviðsins. Markmið þeirra er að styðja við ýmis verkefni sem stuðla að nýjungum, rannsóknum eða nýbreytni í uppeldi og menntun leikskóla, grunnskóla og í frístundastarfi. Við úthlutun þróunar- og samstarfsstyrkja leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs 2012 verður haft að leiðarljósi að styrkja verkefni sem miða að auknu samstarfi og samþættingu verkefna þvert á skólastig, svo og læsi í víðum skilningi.

Auk þróunarstyrkja sviðsins var samþykkt að auka verulega fjármagn vegna starfsþróunar og samstarfsverkefna leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs fyrir árið 2012.

### **Vinsamlegt samfélag**

Starfshópur um Vinsamlegt samfélag var stofnaður vorið 2011 í kjölfar vaxandi kröfu í samfélaginu um auknar forvarnir og inngrip í eineltismál meðal barna. Hópurinn er skipaður fimm einstaklingum; fulltrúum leikskólans, grunnskólans og frístundastarfs. Hópurinn setti fram tillögur um hlutverk og helstu verkefni sem samþykktar voru í skóla- og frístundaráði.

Hlutverk starfshópsins er að efla það starf skóla- og frístundar sem stuðlar að vinsamlegu samfélagi barna og starfsmanna. Vinsamlegt samfélag einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum og mannvirðingu. Einelti er ekki liðið, en ef það kemur upp er tekið skipulega á því í samræmi við eineltisáætlun viðkomandi stofnunar og stefnu borgarinnar.


Starfshópurinn á að vinna að því að innleiða hugmyndafræði og vinnubrögð vinsamlegs samfélags og auka færni starfsfólks með fræðslu, samræðu, upplýsingum og ráðgjöf. Unnið er í samstarfi við þjónustumiðstöðvar og samtök foreldra. Verkefnið er tengt innleiðingu menntastefnu Evrópuráðsins „Pestalozzi program“ um skóla án ofbeldis og er unnið í samráði við sérfræðinga Pestalozzi.



---

Þar sem framangreind verkefni koma fram í leiðum að markmiðum sviðsins á bls. 17-28, eru þau feitletruð.

## STEFNUKORT





## STEFNUÞÆTTIR, MARKMIÐ OG LEIÐIR

Sameiginlegar leiðir

Leikskólaleiðir

Grunnskólaleiðir

Frístundaleiðir

## BARNIÐ, NEMANDINN, UNGMENNIN

## STEFNUÞÁTTUR

## MARKMIÐ

## LEIÐIR

Sterk sjálfsmynd og félagsfærni

**Sterk sjálfsmynd, samkennd og samskiptafærni.**

- Samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og þjónustumiðstöðva um **Vinsamlegt samfélag**.
- Nýta þekkingu og reynslu úr frístundastarfi til að efla þekkingu og færni í lífsleikni, félagsfærni, samskiptum, hópefli og leikjum í skólastarfi.
- Í námskrá leikskóla komi fram hvernig unnið er með lífsleikni, virðingu, umhyggju, tillitsemi og samkennd.
- Þjóða upp á námskeið fyrir starfsfólk um eflingu sjálfsmyndar, samkenndar og samfélagsfærni hjá börnum og ungmennum.
- Auka hlut hópastarfs í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum þar sem aðalmarkmiðin snúa að sterkri sjálfsmynd, samkennd og samskiptafærni.

**Jöfn tækifæri þar sem hugað er að velferð allra.**

- Starfshópur um **börn og fjölmenningu** endurskoði stefnu vegna barna og foreldra með annað móðurmál en íslensku í skólum og frístundastarfi.
- Stofna starfshóp um líðan stúlkna í grunnskóla.
- Miðla sérþekkingu og reynslu milli leikskóla, s.s. um fjölmenningu og feril barnaverndarmála.
- Stofna starfshóp sem kannar möguleika á að stofna „fjölskyldumiðstöð“ í anda verkefnisins **Blíð byrjun** og greinir kostnað við það.
- Endurskoða reglur um úthlutun vegna íslenskukennslu grunnskólanemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Ljúka stöðlun málkönnunarprófs fyrir grunnskólanemendur með annað móðurmál en íslensku.
- Skoða hvernig grunnskólar nýta niðurstöður úr *Skólapúlsinum*, m.a. með tilliti til viðbragðsáætlana fyrir þá sem líður illa.
- Frístundamiðstöðvar kortleggi hvaða börn og unglingar glími við félagslega einangrun og leiti leiða til að efla sjálfsmynd þeirra og félagsfærni og hafi frumkvæði að samstarfi fagaðila og félagasamtaka vegna þeirra.
- Skoða þátttöku og líðan kynjanna í starfi frístundamiðstöðva.
- Greina þarfir og móta stefnu vegna frístundastarfs fyrir 10-12 ára börn á vegum frístundamiðstöðva.

**Aukið sjálfstæði, frumkvæði, metnaður og ábyrgð.**

- Safna góðum hugmyndum um hvernig auka megi virkni, ábyrgð og þátttöku barna og unglinga í daglegu starfi og verkefnum í skóla- og frístundastarfi.
- Skoða tækifæri barna til frumkvæðis og sköpunar í leikskólastarfi í tengslum við rannsóknir RannUng á starfsaðferðum leikskóla.
- Frístundaráðgjafar og annað starfsfólk í frístundastarfi hvetji börn og unglinga til að koma sér sjálf á milli staða og efli þannig sjálfstæði þeirra og ábyrgð í daglegu lífi. Skóla- og frístundasvið fari í samstarf við Strætó bs. um að almenningssamgöngur taki mið af þörfum barna og unglinga.

STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR
Öryggi, heilbrigði, vellíðan og gleði	<b>Heilbrigður lífsstíll.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stuðla að aukinni hreyfingu og útiveru eldri barna með því að skoða möguleika í umhverfi þeirra og þátttöku í átaksverkefnum tengdum heilbrigði. Fjölga verkefnum á borð við Ævintýri á gönguför/Ævintýri í hverfum.</li> <li>• Starfsfólki verði boðið upp á fræðslu um leiðir til að vinna gegn staðalímyndum og stuðla að gagnrýninni hugsun.</li> <li>• Innleiða stefnu um aðbúnað og námsumhverfi yngstu barnanna.</li> <li>• Kynna niðurstöður úr tilraunaverkefni um bættu heilsu og lífsstíl barna og hvetja grunnskóla til að nýta þær.</li> <li>• Gera tilraun í einu hverfi í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ um lífsleiknikennslu þar sem börn og unglingar læra að eiga innihaldsríkan frítíma og stunda heilbrigðan lífsstíl í samstarfi skóla og frístundamiðstöðva.</li> <li>• Í gátlistum í sjálfsmati frístundamiðstöðva verði m.a. horft til hollustu og hreyfingar.</li> </ul>
	<b>Öruggt umhverfi þar sem unnið er markvisst gegn áhættuhegðun.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samstarf allra starfsstöðva SFS í forvörnum gegn einelti og annarri áhættuhegðun verði aukið með verkefninu <b>Vinsamlegt samfélag</b> og endurskoðaðri forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.</li> <li>• Skipa starfshóp sem skoðar leiðir til að gera samstarf SFS og velferðarsviðs vegna barnaverndarmála markvissara og auka jafnframt fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra.</li> <li>• Efla forvarnir gegn ofbeldi með því að ræða við börn um ofbeldi og afleiðingar þess í samræmi við Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Farið verði í tilraunaverkefni með einum skóla og námsefni hannað.</li> </ul>
	<b>Komið er til móts við ólík áhugasvið.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Koma á samstarfi milli leikskóla og skólahljómsveita.</li> <li>• Kanna möguleika á að opna verkstæði fyrir unglunga til að gera við tæki og tól í samstarfi við þjónustumiðstöðvar.</li> <li>• Í starfsáætlunum frístundamiðstöðva komi fram hvernig starfið kemur til móts við ólík áhugasvið og hópa.</li> </ul>
Viðtæk þekking, færni og árangur	<b>Aukin gæði í öllu starfi í þeim tilgangi að efla þekkingu, færni og árangur.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Halda ráðstefnu um leikinn, sem námsleið í skóla og frístundastarfi að hausti í samstarfi við fagfélög og Menntavísindasvið HÍ.</li> <li>• Setja af stað verkefni um samþættingu útináms, málræktar og vísinda í leikskólum.</li> <li>• Halda málfund um fimm grunnþætti menntunar í nýrri aðalnámskrá leikskóla.</li> <li>• Kynna stjórnendum og starfsfólki reynslu af verkefninu <b>Viðmið um gæði í skólastarfi</b>.</li> <li>• Stofna faghópa með grunnskólakennurum um kenningarramma OECD.</li> <li>• Rýna nánar í greiningu á framfarastuðli og kyni út frá námsárangri, sem unnin var fyrir starfshóp um <b>drengi og námsárangur</b>.</li> <li>• Ýta úr vör verkefninu <b>Pisa keik</b> þar sem öllum 10. bekkjum býðst að virkja sköpunarkraftinn og senda inn verk sem skilar góðu svari við spurningunni; <i>Hvers vegna finnst þér mikilvægt að gera þitt besta?</i></li> <li>• Frístundamiðstöðvar setji sér viðmið um gott frístundastarf. Frístundaráðgjafar og starfsfólk ígrundi starfið markvisst með börnum og unglingum.</li> </ul>
	<b>Læsi í víðum skilningi, gagnrýnin hugsun og samræða.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Verkefnastjórn fylgi eftir niðurstöðum starfshóps um aukið samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila um eflingu málþroska og læsis.</li> <li>• Ýta úr vör <b>lestrarhvetjandi verkefnum</b> m.a. auka veg og virðingu lestrarhesta með það að markmiði að hvetja til aukins lesturs, sbr. tillögur starfshóps um <b>drengi og námsárangur</b>.</li> <li>• Halda ráðstefnu um læsi í víðum skilningi.</li> <li>• Gera tilraun með heimspekinám í leikskólum í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ.</li> <li>• Setja af stað starfshóp sem gerir tillögur um umbætur vegna skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um málumhverfi barna í leikskólum.</li> <li>• Í frístundastarfi verði sérstaklega unnið með umhverfis-, fjölmíðla- og fjármámalæsi. Frístundaráðgjafar fái sérstaka fræðslu.</li> <li>• Börn á frístundaheimilum um alla borg verða hvött til að nýta sér bókasófn.</li> </ul>

## STEFNUÞÁTTUR

## MARKMIÐ

## LEIÐIR

Víðtæk  
þekking,  
færni og  
árangur  
(frh.)

**Færni í tölvu- og  
upplýsingatækni.**

- Móta heildstæða stefnu um tölvu- og upplýsingatækni; áætlun um tækjabúnað, kennslu/þjálfun (starfsfólks og barna) og námsefni í samræmi við stefnu borgarinnar.
- Hefja vinnu við að búa til 90 mínútna rafræn námskeið um tölvuheim barna og unglunga með það að augnamiði að auka þekkingu kennara og skólastjórnenda á þessum menningarheimi, í samræmi við tillögur starfshóps um **drengi og námsárangur**.
- Börnum og unglungum gefist kostur á að vinna að kvikmyndagerð, heimasíðugerð, hönnun og ljósmyndun í frístunda- og leikskólasterfi í samstarfi við grunnskóla og myndver þeirra.
- Meta tilraun til að nýta nýjungar eins og Kindle (Vogaskóli) og iPad (Norðlingaskóli).

**Tækifæri til að  
vinna að  
nýsköpun.**

- Hvetja grunnskóla til að taka þátt í Lego-keppninni og Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Skólar og frístundamiðstöðvar styðji við þátttökuna með leiðbeinendum og aðstöðu.
- Bjóða upp á námskeið fyrir grunnskólakennara um nýsköpunarkennslu.
- Skoða áframhaldandi samstarf við Toppstöðina um kynningu á hönnun og nýsköpun fyrir nemendur í 5. bekk.

**Aukin þekking  
og færni  
í raunvísindum.**

- Auka samstarf Gufunesbæjar og skóla um útinám og við að efla börn og unglunga í að tengja nám og þekkingu við raunverulegar aðstæður.
- Halda málþing með smiðjum um vísindastarf með ungum börnum.
- Fulltrúum kennara í öllum grunnskólum verði boðið á námskeið til að kynna vinnuaðferðum **Biophilia-verkefnisins**. Í kjölfarið verður skólum boðið að vera með verkefnaviku byggða á Biophiliiu-verkefninu. Leitað verði leiða til að yfirfæra kennslufræði verkefnisins á önnur verkefni með börnum og unglungum.

**Aukin þekking  
á listum og  
menningu  
og færni  
til sköpunar.**

- Kynna og innleiða **menningarfánann** í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum til að hvetja til starfs á sviði lista og menningar.
- Gera verkáætlun og innleiða stefnu um tónlistarfræðslu byggða á tillögum starfshóps frá 2011.
- Skipa starfshóp til að skoða hvernig bjóða megi upp á fjölbreytt og ódýrt tónlistarnám, samkvæmt tillögum starfshóps um tónlistarfræðslu og frá Reykjavíkurráði ungmenna.
- Kanna hvernig samstarfi við listamenn er háttað í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.
- Hvetja skólastjóra, tónlistarskólastjóra og skólahljómsveitastjóra til samstarfs um að hljóðfæranám yngstu nemenda grunnskólans verði sem mest innan skólatíma.
- Búa til „námskrá“ fyrir frístundastarf þar sem börnum og unglungum er boðið upp á þátttöku í lista- og menningarstarfi í samstarfi við listamenn.
- Kortleggja möguleika á samstarfi við fagkennara í list- og verkgreinum varðandi aðkomu þeirra að skapandi frístundastarfi barna og unglunga.

**Aukin  
umhverfisvitund  
og menntun  
til sjálfbærni.**

- Vinna að því að kynna og innleiða **græn skref** í samstarfi við umhverfis- og samgöngusvið.
- Hvetja skóla til þátttöku alþjóðlega umhverfisverkefninu **Skólar á grænni græn** og til að vinna að því að fá **Grænfánann**.
- Leikskólar setji sér umhverfisstefnu sem feli m.a. í sér menntun til sjálfbærni, útinám og vettvangsferðir.
- Frístundamiðstöðvar (t.d. Ársel og Gufunesbær) vinni í auknum mæli að því að börn og unglingar læri að umgangast og virða náttúruna og umhverfið, t.d. með auknu samstarfi við **Náttúruskóla Reykjavíkur**.

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Samfélagsleg ábyrgð, virkni og víðsýni

**Aukin þekking á grunngildum samfélagsins og mannréttindum.**

- Standa fyrir námskeiði í jafnréttis- og kynjafræðum fyrir starfsfólk sem vinnur með börnum og unglingum í samstarfi við mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.
- Vinna með mannréttindaskrifstofu og Barnavernd Reykjavíkur að gerð bæklinga á nokkrum tungumálum með leiðbeiningum fyrir foreldra um barnaupplendi og foreldrahlutverk og öðru því sem viðkemur réttindum og skyldum foreldra lögum samkvæmt.
- Fjölga verkefnum í leikskólum sem lúta að mannréttindum, virðingu og fræðslu um fordóma.
- Barnasáttmálinn verði sýnilegur í námskrám leikskóla.
- Vinna með Barnasáttmálann og Kompásfræðsluna í frístundastarfi með það að markmiði að börn og unglingar verði meðvitaðri um rétt sinn og skyldur.

**Samfélagsleg ábyrgð og lýðræðisleg þátttaka.**

- Setja á laggir verkefni með þátttöku eins grunnskóla, eins leikskóla og einnar frístundamiðstöðvar um lýðræðislegt samstarf.
- Ýta úr vör verkefni í nokkrum leikskólum um aukid lýðræði og jafnrétti í starfsháttum
- Þróa og endurskoða leiðir til að efla barna- og unglingalýðræði í frístundastarfinu.

**Frumkvæði, víðsýni og aðlögunarhæfni.**

- Stuðla að víðsýni með fræðslu um fjölbreytileika, m.a. með verkefnum á borð við *Vinsamlegt samfélag*.
- Efla samstarf milli leikskóla og dvalar- og hjúkrunarheimila fyrir eldri borgara.



VERKLAG	Sameiginlegar leiðir	
	Leikskólaleiðir	
	Grunnskólaleiðir	
	Frístundaleiðir	
STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR
<p>Nám og starf án aðgreiningar, við hæfi hvers og eins</p>	<p><b>Koma til móts við ólíkar þarfir með fjölbreyttum aðferðum og viðfangsefnum.</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skoða í nokkrum skólum fjölbreytni viðfangsefna og kennsluaðferða í almennri kennslu sem miða að því að mæta þörfum allra nemenda og hvernig þörfum drengja með sérþarfir er mætt sérstaklega í almennri kennslu.</li> <li>Stofna starfshóp sem skilgreini þjónustubarfir barna og unglunga með það alvarleg hegðunarfrávik að ekki hefur tekist að finna árangursríkar leiðir til að vinna með þeim í skóla- og frístundastarfi.</li> <li>Endurskoða með velferðarráðuneyti reglugerð um starfsemi dagforeldra.</li> <li>Efla símenntun og fræðslu um hugmyndafræði og starfshætti grunnskóla án aðgreiningar.</li> <li>Standa fyrir og efla fræðslu um fatlanir og raskanir.</li> <li>Móta stefnu um frítímaþjónustu fyrir börn og unglunga með fötlun.</li> </ul>
	<p><b>Tryggja jafnræði allra einstaklinga til virkrar þátttöku í daglegu starfi.</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skilgreina hugtakið skóli án aðgreiningar og efla skilning skólasamfélagsins á merkingu þess, m.a. með því að halda málþing.</li> <li>Endurskoða eftirlit með nýtingu fjármagns sem varið er til sérkennslu og íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku.</li> <li>Kanna þátttöku og virkni fatlaðra unglunga í félagsmiðstöðvastarfi, greina þarfir og skoða möguleika á kvöldopnun í félagsstarfi þeirra.</li> <li>Kanna möguleika á að veita sambærilegan stuðning við börn og unglunga í félagsmiðstöðvastarfi og á frístundaheimilum.</li> <li>Skoða þátttöku og virkni barna sem þurfa stuðning í sumarstarfi á vegum frístundamiðstöðva og öðru sumarstarfi í borginni.</li> </ul>
	<p><b>Stuðningur tryggi góðar aðstæður til náms og leiks og bestan mögulegan árangur og líðan.</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skoða aðstæður, greiningar, þjónustubörf, stuðning og kennslu leikskólabarna á einhverfurófi í samstarfi við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Menntavísindasvið HÍ.</li> <li>Fylgja eftir tillögum starfshóps um endurskoðun á stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu, frá 2002.</li> <li>Vinna með Klettaskóla að því að móta ráðgjafarhlutverk hans og stofnun fyrsta þátttökubekkjjar við almennan grunnskóla fyrir nemendur með þroskahömlun.</li> <li>Þjóða upp á reglulega fræðslu fyrir stuðningsfulltrúa barna með sérþarfir í frístundastarfi.</li> </ul>
	<p><b>Ráðgjöf og sérfræðiþjónusta fari fram á vettvangi barna, nemenda, ungmenna og starfsfólks í samráði við foreldra.</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Auka samvinnu starfsstöðva við þjónustumiðstöðvar, sérdeildir skóla, sérskóla og þekkingarstöðvar frístundamiðstöðva vegna sérfræðiþjónustu og ráðgjafar. Skimanir og stuðningur á vettvangi verði stórefldur.</li> <li>Stofnaður verði vinnuhópur til að fara yfir þjónustusamninga SFS og VEL.</li> <li>Ýta úr vör tilraunaverkefni í tveimur hverfum þar sem hegðunarráðgjafi á vegum þjónustumiðstöðvar fer á milli leikskóla og veitir stuðning og ráðgjöf vegna barna með hegðunarfrávik.</li> </ul>

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Samstarf byggt á lýðræði og fjölbreytni

**Öll börn, nemendur og ungmenni séu virkir þátttakendur í lýðræðislegu samstarfi.**

- Hvetja starfsstöðvar til að efla lýðræðislega þátttöku og fræðslu um lýðræði, samhliða innleiðingu nýrra aðalnámskráa, m.a. með fræðslu fyrir starfsfólk.
- Kortleggja leiðir sem börn og unglingar hafa til áhrifa og samráðs s.s. barnaráð, unglingaráð, hverfaráð, skólaráð, aðkoma að starfsáætlunavinnu og ákvarðanatöku. Kynna með hugmyndabanka á heimasíðu sviðsins.
- Tekið verði tillit til hugmynda og þarfa barna við hönnun leiksvæða þannig að þau henti vel til ímyndunarleikja og hvetji til sköpunar.
- Leikskólar tilgreini í starfsáætlunum leiðir sem farnar eru til að tryggja þátttöku allra barna í lýðræðislegu samstarfi.
- Kanna hvort lögbundinn réttur nemenda til setu í skólaráðum er virtur og gera úrbætur ef þess þarf.
- Allar starfsstöðvar frístundamiðstöðva starfræki barna- og unglingaráð.

**Foreldrar séu virkir þátttakendur, ábyrgir og upplýstir samstarfsaðilar.**

- Opna **Foreldravef** með hagnýtum upplýsingum fyrir foreldra um skóla- og frístundastarf, á íslensku, ensku og pólsku.
- Hvetja starfsstöðvar og samtök foreldra til að bjóða upp á námskeið fyrir foreldra til að styrkja þá í uppeldishlutverkinu, s.s. um örugga tölvunotkun, forvarnir o.fl.
- Starfsstöðvar efli foreldrasamstarf með áherslu á virka þátttöku foreldra, gagnkvæmt traust og virðingu.
- Efla hæfni starfsfólks SFS í foreldrasamstarfi, m.a. með símenntun.
- Tölfræði- og rannsóknarþjónusta kanni reglulega hvernig foreldrasamstarfi er háttað í starfsstöðvum SFS.
- Kanna viðhorf foreldra til dagforeldra, skólastarfs, frístundaheimila og félagsmiðstöðva.
- Stuttar, rafrænar skoðanakannanir um skóla- og frístundastarf verði sendar á úrtak foreldra nokkrum sinnum á ári (netpanell).
- Allir foreldrar fái kynningu á bæklingnum Velkomin til samstarfs við upphaf leikskólagöngu barna sinna.
- Grunnskólastjórar hvattir til að kynna niðurstöður skimana fyrir nemendum og foreldrum.

**Markviss, samræmd upplýsingamiðlun og fræðsla til foreldra og barna/nemenda/ungmenna.**

- Heildarniðurstöðum um viðhorf og líðan nemenda verði miðlað til frístundamiðstöðva með það að markmiði að þær verði nýttar börnum og unglungum til heilla.
- Lykiltölur um skóla- og frístundasvið og starfsstaði verði birtar með skilvirkari hætti á heimasíðu sviðsins.
- Leikskólar birti innra mat og starfsáætlun á heimasíðum sínum.
- Grunnskólar setji skýrslur eða samantektir á niðurstöðum úr heildarmati á heimasíður sínar.
- Kanna hvort frístundamiðstöðvar geti notað Mentor í upplýsingamiðlun.

**Öflugt samstarf við atvinnulífið og háskóla-samfélagið.**

